

36 Skuldbindingabók (Obligobók).

(Nafn þess sem skuldbundinn er og heimili.)

Einkennistala á láni eða víxli	Gjaldldagi	Upphæð		Nafn á veði fyrir láninu, eða mönnum sem við skuldbindinguna eru riðnir	Hvenær borgað að fullu
		Kr.	a.		
A 7	7. sept. '45	1000	00	Veð: 1sti veðréttur í Hafnarstræti 7	12. jan. 1943
Víx. 36	12. jan. '43	600	00	Útgefandi fyrir Guðmund Sveinsson	
B 12	4. júlí '44	800	00	Ábyrgðarmenn Jón Jónsson og Páll Jónsson	

Innheimtubók.

Einkennistala innheimtu	Nafn kröfueiganda	Nafn greiðanda	Hvað innheimta á	Upphæð		Gjaldldagi	Hvenær greitt	Hvenær sjóðurinn sendir innheimtuféð	Ath.
				Kr.	a.				
23	Landsbankinn, Reykjavík	Ólafur Pétursson	Víxill	345	00	'42 ⁴ / ₁₀	'42 ⁶ / ₁₀	'42 ⁸ / ₁₀	
24	O. Johnson & Kaaber	Jón Björnsson	Farmsk.	640	00	'42 ¹⁵ / ₁₀	'42 ¹⁵ / ₁₀	'42 ²⁰ / ₁₀	

37 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Sumargjafasjóð Birtingaholts“,
18. marz útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 18. marz 1942.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sumargjafasjóð Birtingaholts.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sumargjafasjóður Birtingaholts. Síra Magnús Helgason kennaraskólastjóri stofnaði sjóðinn og gaf til hans 20000 krónur.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal ávaxta hann í Söfnunarsjóði Íslands. Alla vöxtu af fé sjóðsins skal leggja við höfuðstólinn annað hvort ár. Hitt árið skal aðeins leggja við höfuðstól 2 kr. af vöxtunum, en afganginum skal úthlutað með þeim hætti, sem segir í 3. gr. Forseti Bókmenntafélagsins annast vörzlu sjóðsins.

3. gr.

37

18. marz

Vöxtum sjóðsins, sem til úthlutunar koma, sbr. 2. gr., skal varið til að verðlauna það skáld, er hefur frumort á íslenzku fegurst ljóð á 10 árunum næstlíðnum, að dómi þriggja manna: Forseta Hins íslenzka bókmenntafélags, höfuðkennarans í íslenzkum bókmenntum við Háskóla Íslands og kennarans í íslenzku við kennaraskólann í Reykjavík. Þyki þeim eitthvert árið enginn maklegur verðlaunanna, falla þau niður það ár, og leggjast þá vextirnir við höfuðstólinn það ár. Engum má veita verðlaunin oftari en einu sinni á 10 árum. Jafnt má veita verðlaunin fyrir eitt kvæði eða sálm, ef svo sýnist, sem fyrir heilan ljóðabálk eða bók. Verðlaunin ná jafnt til Íslendinga austan hafs og vestan og hvar í löndum, sem þeir eru niður komnir, en eigi til annarra verka en þeirra, sem frumort eru á íslenzku.

Eigi skal þurfa að sækja um verðlaunin. Þess skal gæta, að sá, sem verðlaunin hlýtur, fái þau á sumardaginn fyrsta, og nefnast þau „Sumargjöf frá Birtingaholti“.

4. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

um verðlagsákvæði.

38

27. febr.

Verðlagsnefnd hefur, samkvæmt heimild í lögum nr. 118 2. júlí 1940, ákveðið hámarksverð á fiskiönglum svo sem hér segir:

Í heildsölu kr. 31.26 pr. þús.

Í smásölu — 34.00 — —

Allir aðilar, sem flytja inn ofangreinda vöru, skulu skyldir til að tilkynna verðlagsnefnd jafnótt um öll ný innkaup, og hlíta verðjöfnun ef nefndin æskir þess.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 27. febrúar 1942.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

AUGLÝSING

um verðlagsákvæði.

39

19. marz

Samkvæmt heimild í 5. gr. bráðabirgðalaga nr. 1 8. jan. 1942, er hér með bannað að leggja meira á eftirtaldar vörur í heildsölu og smásölu en gert var í árslok 1941:

Vefnaðarvörur og fatnaður, hvers konar sem er.

Skófatnaður, hvers konar sem er.

Samkvæmt tilvitnaðri lagagrein er gerðardómi í kaupgjalds- og verðlagsmálum þó heimilt, að fengnum tillögum verðlagsnefndar, að úrskurða um breytingar á álagningunni og ákveða hana að nýju.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. marz 1942.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.